| Nafn skips og umdæmisnúmer: | Skipaskrn.nr. | Leyfilegt aflamagn Tonn: |
|---|---|---|
| Sigurður RE 4 | 0183 | 21 300 |
| Sjávarborg GK 60 | 1586 | 16 400 |
| Skarðsvík SH 205 | 1416 | 15 500 |
| Súlan EA 300 | 1060 | 16 900 |
| Svanur RE 45 | 1029 | 16 000 |
| Sæberg SU 9 | 0252 | 15 400 |
| Sæbjörg VE 56 | 0989 | 11 200 |
| Víkingur AK 100 | 0220 | 20 800 |
| Víkurberg GK 1 | 0979 | 14 900 |
| Þórður Jónasson EA 350 | 0264 | 14 600 |
| Þórshamar GK 75 | 1501 | 15 400 |
| Örn KE 13 | 1012 | 15 300 |

2. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 459 28. nóvember 1984.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. febrúar 1985.*

F. h. r.
**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 84 25. janúar 1985

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.**

1. gr.

„6. töluliður 2. gr. falli brott“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. 2. tl. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. janúar 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*